



Erró hóf vinnu við verkið „Georges Grosz“ (220x500) árið 1999 og hefur verið að leggja síðustu hönd á það allt fram á þennan dag.

Finnst þér þá eins og alþjóðahyggjan hafi náð yfirhöndinni þrátt fyrir umrót og uppreisnaranda þessar kynslóðar?

„Já, enda fer þróunin ekkert eftir því hvað fólk er kennt, ekki einu sinni í háskólum. Þótt fólk komi hámenntað út úr skólakerfinu, með finar og miklar hugmyndir, þá virðast allir falla í þá gryfju að laga sig að kerfinu á nokkrum mánuðum.“

En ef lítið er til sjötta áratugarins er ljóst að uppgjör við hefðina kom ekki síst fram í myndlist. Fólk fór að nota aðra aðferðafræði og vinna verk sín í aðra miðla. Þú gerðir t.d. tilraunir með vélarhluta, brúður og ýmislegt dót þar sem samruni hins manngerða og hins mennska er áberandi. Má þó ekki rekja þessa tilhneigingu alveg til upphafs tuttugustu aldarinnar, til listamanna á borð við Marcel Duchamp og fleiri, – er þetta ekki bara uppgjör aldarinnar sem heildir við innreið tækninnar?

„Jú, ég held að það sé einmitt málið,“ svarar Erró. „Enda hefur tæknioðin breytt svo ótrúlega mörgu. Lífið hefur orðið lausara í reipunum og alþjóðlegra að ýmsu leyti, sem mér finnst vera mikilvægt skref í rétta átt.“

Málverkið að hverfa og annað að taka við

Finnst þér þá enginn angur samtímalista skera sig úr um þessar mundir, ef til vill sem afleiðing af þessari þróun?

„Maður verður auðvitað var við að það er ýmislegt að gerast í listum. Málverkið er t.d. að hverfa og videóið að taka yfir ásamt ljósmyndum og fleiru,“ svarar Erró. „Stuðningurinn við málverkið er þau verk ekki lengur hendi. Sjálfur reyni ég að fylgjast með unga fólkinu þótt ég viti ekki hvort það hjálpar mér í því sem ég er að fást við. Ég finn samt að það er nauðsynlegt fyrir mig. Núna vinn ég t.d. mikið með tölvu og þess háttar tækni til að fá ný sjónarhorn í verkin mín. Það hefur einnig verið gaman fyrir mig að vinna með efni eins og keramikkið, en þau verk eru framleidd í Portúgal þótt ég fylgi vinnslunni auðvitað mjög vel eftir. Annars er það ekkert nýtt að listamenn noti aðstoðarmenn – ef Rodin hefði gert allar sínar höggmyndir sjálfur hefði hann þurft að lifa í sex hundruð ár!“

En af hverju heldur þú að málverkið sé að hverfa?

„Af því að það hefur hreint ekkert gerst í málverkinu frá sextándu og sautjándu öld,“ svarar Erró hlæjandi, „þetta er bara sama efnid, sami striginn, sömu litirnir og sama tæknin. Ég er þess vegna alltaf að reyna að koma því á framfæri að mín eigin tækni eigi eitthvað skylt við íslensku handritin,“ heldur hann áfram og hlær enn, „að þau séu eins og myndskreytingarnar, með svona svartri útlínu og lituðum flötum. Mér finnst þær standa mjög nærri vissum myndum eftir mig. Auðvitað segi ég þetta í og með í gamni, en ég held þessu samt fram.“

En er þetta ekki alveg viðeigandi samlíking, þar sem verkin þín hafa verið skilgreind sem „frásagnarmálverk“ – alveg í anda handritanna?

„Mikið rétt,“ segir Erró og það er greinilegt að honum er skemmt yfir þessu tali, sem ef til vill er gott dæmi um það hvernig hann forðast að taka sjálfan sig of alvarlega.

En þótt þessi frásagnarmálverk eigi sér auðvitað rætur í hefðinni þá voru efnistökin hjá

„Þær sögur sem maður segir eru of langar til að fara með upphátt. Þegar ég mála, þá dettur mér aldrei í hug að ég ætti að leggja verk mín á einhvern fyrirfram ákveðinn mælikvarða eða formúlu, eða beygja þau undir einhverja kreddu.“

þér og þeim sem unnu í svipuðum anda mjög nýstárleg. Þú fórst fljótt að vinna með tuttugustu aldar goðsagnir, poppmenningu og pólitískar andstæður. Þannig nýttir þú þinn miðil á gagnrýninn máta sem ef til vill hafði ekki sést áður?

„Sjáðu til, nú ert þú einmitt að lýsa því sem ég ætti að segja frá,“ svarar Erró kíminn og kúvendir þar með samtalinu. „Þú veist hvernig þetta er með listamenn, við erum lokaðir inni á vinnustofunni og við tölum ekki við neinn. Ég hitti stundum fólk á kvöldin í París, en það er allt og sumt. Mitt fag er þannig að þegar ég lýk við málverkið er vinnuni lokið og ég hef ekkert meira að segja. Í morgun vorum við Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, að tala við einhvern á Kjarvalsstöðum og ég bað hann bara að taka yfir. Sem hann og gerði – miklu betur en ég. Því þetta er hans fag. Svo nú getur þú bara snúið því sem þú segir sjálf yfir á mig og ég skal kvitta fyrir,“ segir Erró og hlær enn.

Galdurinn felst í listinni sjálfri en ekki í orðræðu um hana

„En þótt þú sé erfitt að tala um þetta allt saman,“ útskýrir hann hreinskilnislega, „þá er staðreyndin sú að þegar ég vinn koma upp í huga mér alls konar flugur sem ég skrifa niður á blokk hjá mér. Á svona fimm ára fresti set ég það saman svo úr því verður lítill texti. Í staðinn fyrir að tala við blaðamenn og aðra læt ég þá fá þennan texta. Ég er með einn texta núna í tilefni af opnun safnsins, sem verður í sýningarskránni. Þú gætir notað hann sem svör við spurningum þínum og það myndi eflaust falla alveg rétt saman.“

Þarna hefur Erró tekið að læða inn sannleikanum um listina á sinn hógværa hátt; því fyrir honum felst galdurinn að sjálfsögðu í sjálfri listinni en ekki í orðræðu um það. „Það að mála er aðferð til að reyna að komast að merkingu ráðvillts heims“ segir hann í þessum texta, sem ber fyrirsögnina „Ósamfelld frásögn, trúleg ef ekki sönn“. Og nokkru seinna vikur hann að þeim svörum sem hann finnur og segir þau „fara eftir aðstæðum og því hver er að hlusta hverju sinni“.

Þó nú sé ljóst að Erró er löngu búinn að vinna sjálfur allt efnið í þetta viðtal, lætur hann á engu bera og heldur áfram að svara af umburðarlyndi spurningum um vinnu sína við málverkið sem hefur verið eins og rauður þráður í lífi hans, þrátt fyrir að hann haldi því fram að það sé á undanhaldi.

„Ég er enn að mála og sé fram á að hafa nóg

að gera í framtíðinni,“ segir hann, „því það eru margar málverkasýrpur í uppsiglingu. Nýja sýrpan, sem heitir „e-mail Breakfast“ er tilbúin, en hún verður sýnd í París í október. Svo koma „Amazon-konurnar“ í kjölfarið, svo það er nóg að gera. Mér hentar mjög vel að vinna í svona sýrpanum því þá get ég skipt um tækni og myndir, sem veitir mér vissu frelsi. Það gæðir vinnuna lífi, sem er nauðsynlegt þar sem ég er oft á vinnustofunni í tíu til tólf tíma á dag – þótt dagurinn líði eins og tíu mínútur.“

Í tuttugu ár að safna efni í nýju myndirnar

Erró hefur lengi notað efni úr teiknimyndasögum í myndverk sín og hann segir það móta vinnuferlið. „Það tekur mig oft mörg ár að safna efni í myndirnar, ég hef t.d. verið í tuttugu ár að safna efni úr þessari stóru, nýju myndir sem nú eru til sýnis hér. Tæknin hefur breyst mikið á þessum árum og teikningarnar sem ég er að vinna með sömuleiðis, því nýir teiknarar koma stöðugt til sögunnar. Þó get ég t.d. ekki notað það efni sem er framleitt núna. Í Bandaríkjunum seljast um 200.000 hefti af teiknimyndabókum á hverjum degi og nú er farið að lita teikningarnar með tölvum.“

Það má þá halda því fram að þú stundir, eins og svo margir myndlistarmenn og rithöfundar af þinni kynslóð, einhvers konar endurvinnslu á hugmyndum úr menningu okkar, eins og t.d. Warhol og John Baldessari sem var hér um daginn?

„Já, einmitt, það er alveg rétt. Annars sá ég sýninguna hans Baldessari og hún var mjög góð. Hann tilheyrir þó yngri kynslóð og sú heimsmynd sem hann dregur fram í sinni list er einfaldari en sú sem við í höfum verið að vinna með í frásagnarmálverkinu. Okkar verk eru mun flóknari, án þess þó að við höfum lagt fram sameiginlegt „manifesto“ af nokkru tagi, við kærðum okkur aldrei um það. Tengslin á milli okkar mynduðust einungis þannig að við vorum sýndir saman, en þessi hreyfing hófst í París á sama tíma og poppið. Ég verð þó að taka fram að „nýju realistarnir“, karlar á borð við Arman, César og Spoerri, unnu að popplista löngu áður en Bandaríkjamenn byrjuðu að láta til sín taka á því sviði. Það sama má segja um Englendinga sem voru fljótir að átta sig; Paolozzi var að búa til poppklippimyndir strax 1945 og Hamilton sömuleiðis.“

Í Bandaríkjunum ríkti mikil hugmyndaauðgi og frelsi

„Það sem gerði Bandaríkin þó svo aðlaðandi

að mínu mati, var hve allt var frjálst á þessum tíma. Þar ríkti miklu betri stemning en í Evrópu auk þess sem þar var meira fjör. Allir voru í góðu skapi, partí á hverju kvöldi, maður fann ekki fyrir leiðinlegri afbrýðisemi auk þess sem enginn reyndi að halda uppi neinum kenningum. Í Evrópu var alltaf verið að vinna þessar litlu myndir, en í Bandaríkjunum var enginn hræddur við risastór myndverk. Ameríkutíminn var því góður fyrir mig og ég dvaldi þar í marga mánuði á ári frá 1962–70. Þar ríkti svo mikil hugmyndaauðgi – allt flaug,“ segir Erró.

Má kannski rekja hömluleysi þeirra til þess að þeir voru ekki eins undir hælnum á hefðinni og Evrópubúar?

„Já,“ segir Erró og hlær, „of mikil menning hefur áreiðanlega haldið Evrópu niðri.“

En fólst þá ekki ákveðið frelsi í því fyrir þig að koma héðan þar sem var engin hefð?

„Ég lenti nú í alls konar akademíum inni á milli þar sem ég þurfti að teikna og mála naktar konur og appelsínur. Svo þurfti ég líka að búa til gifsmyndir í grískum anda í mörg, mörg ár,“ svarar hann brosandí. „Ég veit ekki hvort ég græddi neitt á þessu, en ég kynntist þó mörgu fólki í þessum skólum sem hafði áhrif á mig. Þó er ég ekki frá því að mósaíkið hafi hjálpað mér mest. En í raun hefur minn ferill gengið vel og tíminn hefur flogið áfram. Ég held þó að það eigi aldrei aftur eftir að koma annað tímabil eins og þetta sem ég upplifði; tónlistin, Bítlarnir, hipparnir og allt sem fylgdi í kjölfarið. Á tíu, tólf árum varð skyndilega allt svo lifandi og ég óttast að það gerist ekki aftur. Núna er t.d. enginn munur á flokkum til vinstri og hægri það eru allir í miðjunni,“ segir Erró, og það er ekki laust við að það votti fyrir eftirsjá í röddinni. „Annars hef ég ekki hugmynd um hvað listamenn eiga eftir að fást við í framtíðinni eða hvort það verður einhver heimspeki úr því. Það verður greitt úr því öllu seinna, ætli það taki ekki fimmtíu ár!“

Aldrei verið öfgamaður

Nú var farið að líða að lokum þess tíma sem okkur var ætlaður til samtalsins og þótt það hafi tekið óvænta stefnu um stund hafa þessi stuttu kynni afhjúpað litríkan og gefandi persónuleika sem þó lætur afar lítið yfir sér. Í samræmi við það er Erró fljótur að svara neitandi þegar hann er að lokum spurður að því hvort hann telji sig hafa rutt brautina fyrir aðra íslenska listamenn. „Rétt á eftir mér kom fram mjög sterk kynslóð listamanna, Súmmararnir og það sem þá gerðist hér á landi var stórmerkilegt. Það var eins og hálfgera kraftaverk; féll alveg inn í Flúxus-hreyfinguna og fleira sem var að gerast annars staðar. Ég hef þó alla tíð reynt að fylgjast með því sem er á seyði á Íslandi, utan frá, ég vil ekki stinga nefinu í það,“ segir Erró, og minnir blaðamann glettnislega á að koma því til skila í viðtalinu að hann hafi „aldrei verið neinn öfgamaður.“ Sem eru líklega orð að sönnu því eins og fram kemur í fyrrnefndum texta hans, er hann sér fullkomlega meðvitandi um afstæði tilverunnar og hættunnar samfara algildum sannindum: Hann reiknar með að öll svör við tilraunum hans til að ráða í merkingu ráðvillts heims „væru næstum sönn, en ekkert gæti verið fullkomlega satt. Né hinn endanlegi sannleikur.“

fbi@mbl.is